



Fundargerð 4. fundar stjórnar AKÍS 2025-2026

Staður og tími: Zoom 15. apríl 2025 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Halldór Viðar Hauksson (HVH), Jón Þór Jónsson (JPJ), Baldvin Hansson (BH), Linda Karlsdóttir (LK), Páll Jónsson (PJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS)

Mættir varamenn: Ari Halldór Hjaltason (AHH), Ásta Sigurðardóttir (ÁS)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

Fjarverandi: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Andri Már Sveinsson (AMS).

HKS ritaði fundargerð

1. Skipun keppnisráðs

Stjórn fór yfir tilnefningar aðildarféлага í keppnisráð AKÍS. Stjórn mun skipa aðila í keppnisráð sem hafa óskað eftir.

2. Námskeið AKÍS

Námskeið hafa verið haldin fyrir keppnisstjóra og dómnefnd. Met þátttaka var á námskeiðunum.

Baldvin fór yfir hvernig námskeiðin fór fram.

Stefnt verður að halda endurtekið námskeið fyrir keppnisstjóra og dómnefnd fljótlega eftir að keppnistímabil hefst.

Öryggisfulltrúa námskeið verklegi hlutinn verður haldið þriðjudaginn 29 apríl á höfuðborgarsvæðinu og sunnudaginn 11 maí.

Stefnt verður að halda skoðunarmanna námskeið fyrir keppnistímabil. Nánari tímasetning liggur ekki fyrir.

3. Námskrá AKÍS

Námskrá rædd og yfirfarinn. Ekki talin þörf á breytingu á henni.

4. NEC Esport Iceland

Verður haldið laugardaginn 26 apríl í GT Akadémíunni. Farið yfir framkvæmd keppninnar.



Landslið Íslands er Roland Alfredsson, Sigurgeir Lúðvíksson, Hákon Darri Jökulsson, Gunnar Karl Vignisson.

Keppnin verður haldin í beinni útsendingu á Vísir.

5. Styrkir frá ÍSÍ

Formaður og starfsmaður sátu fund hjá ÍSÍ vegna breytingar sem verða lagðar fyrir Íþróttaping þar sem er stefnan að breyta styrkja kerfi ÍSÍ.

Málið kynnt.

6. ÍSÍ Þing

ÍSÍ Þing verður haldið daganna 16 - 17 maí. AKÍS á tvö sæti á þinginu. Stjórn þarf að ákveða hverjir sitja þingi fyrir hönd sambandsins.

Stjórn ákveður að senda Jón Þór og Helgu á þingið fyrir hönd AKÍS.

7. Formenn dómnefndar

Starfsmaður hefur kynnt stjórn hvernig staðan er varðandi mönnun formanns dómnefndar.

Starfsmaður heldur áfram að manna keppnir sumarsins 2025.

8. Önnur mál

Innsend erindi

AÍH óskar eftir að færa Rallycross keppnina sem er skráð þann 21 júní yfir á laugardaginn 6 september. Stjórn samþykkir breytingu á keppnisdagatali.

BA hefur óskað eftir fyrirfram samþykki að breyta dagsetningum á Bíladögum ef veðurspá sé ekki hagstæð fyrir Götuspyrnu. Stjórn samþykkir þetta fyrir sitt leiti. Bendir á að þessar breytingar þurfa að koma fram í sérreglum keppninnar.

Til kynningar:

- Öryggisfulltrúa verklegur hluti námskeiðsins verður haldið á höfuðborgarsvæðinu þriðjudaginn 29 apríl kl 19:00 og á Akureyri sunnudaginn 11 maí.
- FIA Motorsport Programm Fund lokafrestur til að sækja um í sjóðinn er 30 apríl.
- Verkefnið FIA Immersion fer fram í september þar sem aðilar á aldrinum 25 - 35 ára geta sótt um að taka þátt í þessu verkefni.
-



Næsti fundur verður 6. maí kl 19:30.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:30